

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 70/1972: **Bifreiðaverkstæðið Þórshamar h/f**

(Ragnar Steinbergsson hrl.)

gegn

Skúla Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Magnús Torfason, prófessor Jónatan Þórmundsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Vinnulaun. Kjarasamningar.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfégetans á Akureyri.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. maí 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962, hinn 5. maí 1972. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að „hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að efnisniðurstöðu til“ og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. júní 1970 gerðu landssambönd og félög vinnuveitenda í mál- og skipasmíði viðsvegar um land og stéttarfélag sveina í þessum iðngreinum skriflegan samning um framlengingu þágildandi kjarasamninga einstakra vinnuveitendafélaga og sveinafélaga, en með ýmsum breytingum og viðaukum, sem nánar greindi í kjarasamningnum. Meðal þeirra félaga, sem undirrituðu hið nýja samkomulag, var stéttarfélag stefnda, Sveinafélag járníðnaðarmanna, Akureyri, og vinnuveitendafélag áfrýjanda, Meistarafélag járníðnaðarmanna, Akureyri. Giltu því eftir 30. júní 1970 um kjör bifvélavirkja á Akureyri kjarasamningur þessara félaga frá 29. ágúst 1965 með áorðnum breytingum svo og þeim breytingum og viðaukum, sem fólust í hinum nýja kjarasamningi.

Í samningnum 30. júní 1970 sagði m. a. svo í 6. grein:

„Framhaldsnámi skal komið á með námskeiðum til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sveina umfram almennt iðnnám. Framhaldsnám gefur því aðeins rétt til kaupauka, að viðkomandi sveinn hafi lokið prófi frá minnst tveimur viðurkenndum námskeiðum.

Kaupauki vegna framhaldsnáms skal vera 10% á unna dagvinnustund samkvæmt samningi þessum. Kaupauki á unnar eftir-, nætur- og helgidagastundir skal greiddur með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi“.

Framangreint ákvæði var nýmæli í heildarkjarasamningum málm- og skipasmiða, en félagsmenn sumra stéttarfélaga, sem í hlut áttu, og þar á meðal bifvéla virkjar, höfðu um nokkurt skeið fengið greitt álag á kaup sitt, ef þeir sóttu framhaldsnámskeið að venjulegu iðnnámi loknu. Nam sá kaupauki 10% á útborgað kaup. Á Akureyri hafði greiðsla þessa kaupauka byggzt á munnlegu samkomulagi við bifvéla virkja, og framkvæmdin þar orðið sú, að kaupaukinn var greiddur öllum bifvéla virkjum, hvort sem þeir höfðu sótt framhaldsnámskeið eða ekki. Greind venja varð tilefni þess, að sama dag, sem hinn nýi heildarkjarasamningur var gerður, undirrituðu sveinafélög og vinnuveitendafélög á Norðurlandi þá sameiginlegu yfirlýsingu, sem orðrétt er rakin í héraðsdómi.

Sama dag undirrituðu flest vinnuveitendafélaganna, sem stóðu að hinum nýja kjarasamningi, einhliða yfirlýsingu um, að óbreyttar skyldu standa þær yfirgreiðslur, sem tíðkast höfðu undanfarið. Er sú yfirlýsing orðrétt greind í héraðsdómi.

Enginn ágreiningur er með aðiljum um það, að stefndi hafi haldið rétti til að fá greiddan kaupaukann vegna framhaldsnámskeiðs eftir 30. júní 1970, eins fyrir því þótt hann sækti ekki framhaldsnámskeið. Fær þetta stoð í hinni sameiginlegu yfirlýsingu félaga vinnuveitenda og sveina. Hins vegar deila málsaðiljar um það, hvernig kaupaukinn skuli reiknaður. Hefur áfrýjandi eftir 30. júní goldið stefnda kaupaukann sem 10% álag á kaup fyrir allar unnar vinnustundir reiknaðar á dagvinnukaupi, eins og 6. gr. kjarasamningsins

mælir fyrir um. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hin einhliða yfirlýsing vinnuveitenda veiti honum rétt til að fá kaupaukann greiddan sem 10% álag á allt útborgað kaup, eins og verið hafði, áður en heildarkjarasamningurinn var gerður.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, nutu bifvélavirkjar á Akureyri fyrir 30. júní 1970 25% álags á kaup, sem greindist í 9% almenna kaupuppbót, 6% álag fyrir óþrifalega vinnu og 10% kaupauka vegna framhaldsnámskeiða. Voru þessar uppbætur allar reiknaðar af útborguðu kaupi. Er ekki ágreiningur með aðiljum um það, að í yfirlýsingu vinnuveitenda felist, að eftir 30. júní 1970 hafi átt að greiða almennu kaupuppbótina og álagið fyrir óþrifalega vinnu til bifvélavirkja á Akureyri með sama hætti og verið hafði.

Samkvæmt gögnum máls byggðist greiðsla hinnar almennu kaupuppbótar bifvélavirkja á Akureyri á munnlegu samkomulagi félaga þeirra, sem í hlut áttu, en álagið vegna óþrifalegrar vinnu var greitt samkvæmt ákvæðum kjarasamnings 24. júní 1969, er þó hafði verið breytt með munnlegu samkomulagi. Í heildarkjarasamningnum 30. júní 1970 var ekki kveðið á um kaupbætur þessar. Var því sérstakt tilefni til þess að árétta það skriflega, ef þær áttu að haldast óbreyttar. Um kaupuppbótina vegna framhaldsnámskeiðs gegndi hins vegar öðru máli, þar sem í 6. gr. kjarasamningsins sjálfs höfðu nú verið tekin bein ákvæði um hana. Stefndi hefur ekki leitt næg rök að því, að með undirritun sinni undir hina einhliða yfirlýsingu vinnuveitenda hafi Meistarafélag járníðnaðarmanna, Akureyri, bundizt skyldu til að greiða kaupauka þennan framur því, sem mælt var í 6. gr. hins nýja kjarasamnings. Er og á það að líta, að samdægurs var gert sérstakt skriflegt samkomulag til fyllingar nýmælinu í 6. gr., svo sem áður greinir. Lá beinast við, ef semja átti um frávík frá ákvæðum 6. gr. kjarasamningsins, að kveða á um þau í framangreindu samkomulagi. Verður samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Bifreiðaverkstæðið Þórshamar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Skúla Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. marz 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar s.l., hefur Skúli Guðmundsson bifvélavirki, Brekkugötu 6, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi á hendur Sigurði Jóhannessyni framkvæmdastjóra, Norðurbyggð 1 A, Akureyri, f. h. Þórshamars h/f, bifreiðaverkstæði, Akureyri.

Gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.437.30 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá birtingu stefnu 26. júní 1971 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Stefndi krafðist þess aðallega, að málinu væri vísað frá dómi. Munnlegur flutningur um frávísunarkröfuna fór fram 10. desember 1971 og úrskurður kveðinn upp samdægurs og frávísunarkröfunni hrundið. Um efnishlið málsins gerir stefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, ef stefnandi fær einhverja upphæð dæmda, að vaxtakrafa hans verði lækkuð. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er sveinn í bifvélavirkjun og hefur í allmörg ár unnið hjá stefnda. Tímabilið frá 28. júní 1970 til 13. marz 1971 telur hann sig hafa fengið vangreitt kaup í eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu, sem nemur stefnu-fjárhæð miðað við gildandi kauptaxta, eða kr. 4.40 fyrir hverja eftirvinnustund og kr. 8.80 fyrir hverja nætur- og helgidagastund. Telur stefnandi að stefndi reikni kaup hans þannig, að í stað þess að reikna 25% á kr. 154.00 þá reikni stefndi 15% á þá upphæð og síðan 10% á kr. 110.00, sem sé dagvinnukaup á hverja unna klukkustund, og sama aðferð gildi um nætur- og helgidagavinnuútreikning varðandi 10% álagið, en þar sé grunnkaup kr. 198.00.

Skilning sinn á þessari aðferð sinni kveður stefnandi sig byggja á kjarasamningi frá 29. ágúst 1965 og öðrum frá 24. júní 1969 svo og endurnýjunum og viðaukum við þá, munnlegum og skrif-

legum. Framangreint 25% álag skiptist í uppbót 9%, óþrifaálag 6% og námskeiðsgjald 10%. Tvö fyrrgreind álög, eða 15%, reiknar stefndi á allt kaup, en 10% námskeiðsgjald á dagvinnukaup og bætir þeirri krónutölu við eftir-, nætur- og helgidagavinnu. Stefnandi heldur því fram, að fyrir 30. júní 1970 hafi álag þetta reiknast á allt kaup og samkvæmt sérstakri yfirlýsingu atvinnurekenda þann dag skuli yfirgreiðslur til aðilja, sem tíðkast hafi, haldast óbreyttar og greiðast á útborgað kaup á samningstímabilinu, sem þá er að hefjast.

Stefnandi kom fyrir dóm í málinu, en hann hefur starfað hjá stefnda frá hausti 1966 samfleytt, en áður hafði hann starfað hjá félaginu í 3 ár. Hefur hann ekki sótt greint framhaldsnámskeið í sínu fagi, enda hafa þau eigi verið haldin hér í bæ. Í október 1970 varð hann þess var, að breyting var orðin á útreikningi kaups, þegar hann fékk í hendur launaútreikning Sveinafélags járníðnaðarmanna eftir samningsgerðina 30. júní 1970.

Formaður Sveinafélags járníðnaðarmanna, Halldór Arason, kom fyrir dóm í málinu og auk hans þeir Hallgrímur Skaptason skipasmiður og Sigurður Jóhannesson, framkvæmdastjóri stefnda, en allir þessir menn tóku þátt í samningsgerðinni 30. júní 1970 fyrir sín hagsmunasamtök. Í 6. gr. samningsins segir m. a. svo: „II. Framhaldsnámi skal komið á með námskeiðum til að auka verkþekkingu og vinnuhæfni sveina umfram almennt iðnnám. Framhaldsnám gefur því aðeins rétt til kaupauka, að viðkomandi sveinn hafi lokið prófi frá minnst tveimur viðurkenndum námskeiðum.

Kaupauki vegna framhaldsnáms skal vera 10% á unna dagvinnustund samkvæmt samningi þessum. Kaupauki á unnar eftir-, nætur- og helgidagastundir skal greiddur með sömu krónutölu og er á dagvinnutímakaupi.“

Samningurinn er undirritaður m. a. af Meistarafélagi járníðnaðarmanna á Akureyri og Sveinafélagi járníðnaðarmanna á Akureyri, en í samtökum þessum eru aðilar máls þessa félagbundnir, en auk þessara er samningurinn undirritaður af fjölda landsamtaka og staðbundinna félaga atvinnurekenda og launþega.

Sama dag, eða 30. júní 1970, var gefin út svofelld skrifleg yfirlýsing, sbr. dskj. nr. 8: „Vinnuveitendur í málm- og skipasmíði lýsa yfir því, að yfirgreiðslur til meðlima sveinafélaganna í málm- og skipasmíði, sem aðilar eru að kjarasamningum, dagsettum í dag, þær sem tíðkast hafa undanfarið, skuli haldið óbreyttum og greiðast á útborgað kaup á samningstímabili því, sem nú er að hefjast.“

Yfirlýsing þessi er undirrituð af Meistarafélagi járníðnaðarmanna á Akureyri auk annarra vinnuveitenda.

Þá er gefin út svofelld skrifleg yfirlýsing, sbr. dskj. nr. 11: „Með tilvísun um samkomulag varðandi námskeið til handa sveinum í málmiðnaði, sem greiðast eiga með 10% álagi á kaup, þá staðfestist, að starfandi bifvélavirkjar, sem þegar hafa fengið þetta álag, fái ekki 10% í viðbót, þó þeir sæki nefnd námskeið.“ Undir þessa yfirlýsingu rita:

Sveinafélag járníðnaðarmanna, Akureyri.

Málmiðnaðardeild iðnsveinafélags Skagafjarðar.

Meistarafélag járníðnaðarmanna, Akureyri.

Vinnumálasamband samvinnufélaga.

Sveinafélag Húsavíkur og Suður-Þingeyjarsýslu.

Hallgrímur Skaptason kvað 6. gr. samningsins frá 30. júní 1970 innihalda fyrsta ákvæði um framhaldsnámskeið í kjarasamningum aðilja. Áður hafði það tíðkast í Reykjavík, strax er þessi námskeið hófust þar, að þeir, sem þau sóttu, fengu 10% álag á kaup. Eigi man hann, hvenær þetta byrjaði. Svo fór hér á Akureyri, að bifvélavirkjar hér fengu greiðslu samkvæmt þessu, þótt þeir sæktu eigi námskeið. Áður en samningur þessi var undirritaður, vildi vitnið fá það fram gagnvart bifvélavirkjum á Akureyri, að 10% álagið greiddist samkvæmt 6. gr., þ. e. það álag, sem tíðkamt hafði fyrir samninga, og sama á við um dskj. nr. 8 og 11. Hann getur þess, að Halldóri Arasyni hafi framangreint verið ljóst, enda hafi það verið rætt við hann.

Sigurður Jóhannesson tók við framkvæmdastjórarstarfi hjá stefnda á árinu 1968, og námu þá heildarálögur á samningsbundið greitt kaup 26%, eða til 24. júní 1969 og eftir það til 30. júní 1970 25%. Sigurður bar á sömu leið og Hallgrímur um samningsgerðina 1970, þegar ákvæði um námskeið voru sett inn í skriflegan samning. Kvað hann samningamenn bifreiðaverkstæða á Akureyri, sem í raun höfðu greitt álag samkvæmt 6. gr. samningsins, hafa talið nauðsynlegt að fá staðfestingu Sveinafélags járníðnaðarmanna á Akureyri á því, að eigi kæmi til frekari greiðslna, þótt bifvélavirkjar sæktu námskeið sem þessi, og var það ástæðan fyrir því, að yfirlýsingin á dskj. nr. 11 var gerð, en hún var samin af samningamönnum vinnuveitenda. Þá upplýsti Sigurður, að sami háttur væri á útreikningi kaups á Norðurlandi öllu frá Blönduósi til Húsavíkur.

Halldór Arason hefur verið formaður Sveinafélags járníðnaðarmanna um árabil og tekið þátt í gerð flestra samninga frá árinu

1965. Taldi hann yfirlýsinguna á dskj. nr. 11 eiga við þá, sem síðar sækja námskeið.

Stefnandi hefur lagt fram skrá yfir vangreitt kaup viku hverja frá 28. júní 1970 til 13. marz 1971. Stefndi hefur ekki mótmælt þeim útreikningi. Þá hefur stefnandi lagt fram launamiða frá 1. marz 1970 til 11. apríl 1970, þar sem eftirvinna og næturvinna er greidd af stefnda með 25% álagi á útborgað kaup.

Stefndi telur, að það leiddi til öngþveitis í kaupgreiðslum, ef kröfur stefnanda yrðu teknar til greina, þar sem þá yrði um að ræða tvenns konar greiðslur til sveina í bifvélavirkjun eftir 30. júní 1970, þ. e. eldri sveinar fengju 25% ofan á allt kaup, en þeir, sem yrðu sveinar eftir þann tíma, fengju kaup samkvæmt kjara-samningi 30. júní 1970 og 10% námskeiðsálag í krónutölu miðað við dagvinnukaup, en þetta væri óforsvaranlegt gagnvart nýjum sveinum.

Í málinu er upplýst, að stefnandi gerði reka að leiðréttingu á kaupi samkvæmt framangreindu í október 1970.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, viðurkenningu stefnda á því að hafa greitt 25% álag á samningsbundið kaup fyrir 30. júní 1970 og yfirlýsingunni á dskj. nr. 8 þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti, þó þannig, að vextir reiknist 7% á ári.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þórshamar h/f, greiði stefnanda, Skúla Guðmunds-syni, kr. 1.437.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. júní til greiðslu-dags og kr. 20.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
